

Nd.

496. Breytingartillögur

[82. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir orðunum „sem nemi brúttótekjum“ í 2. málsg. 9. gr. laganna komi: Kostnaður vegna óhappa eða náttúruhamfara skal undanskilinn aðstöðugjaldi.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., þannig:

10. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi herra vera en hér greinir:

- a. ½% af: Rekstri fiskiskipa og flugvéla. Landbúnaði. Verzlun með kaffi, sykur og kornvöru til mannelis í heilidsölu. Matvöruverzlun í smásölu. Verzlun með veiðarfæri, önnur en sportveiðitæki, fóðurvörur, tilbúinn áburð (Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Kjöt- og fiskiðnaði. Endurtryggingum.
 - b. 1% af: Rekstri farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðum. Matsölu. Vátryggingum ót. a. Útgáfustarfsemi (útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Verzlun ót. a. Iðnaði ót. a. Annarri gjaldskyldri starfsemi ót. a.
 - c. 1½% af: Sælgætis- og efnagerðum. Öl- og gosdrykkjagerðum. Gull- og silfursmíði. Hattasaumi. Rakara- og hárgreiðslustofum. Leirkerasmíði. Ljósmyndun. Myndskurði. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahúsum. Fjólritun. Persónulegri þjónustu.
 - d. 2% af: Skartgripa-, skrautmuna- og minjagripaverzlun. Tóbaks- og sælgætisverzlun. Söluturnum. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Listmunagerð. Börum. Billjardstofum.
3. Við 3. gr. (sem verður 4. gr.). Á eftir orðunum „samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir“ komi: er skylt að auglýsa það hlutaðeigendum fyrir janúarlök álagningarárið, og er sveitarstjórn þá heimilt o. s. frv.